



Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	07.04.2015
Málalýkill	.00.10.1
Mál nr.	1504031

Garðabær 6.4. 2015

Til bæjarstjóra og bæjarstjórnar.

Vegna húseigna Lótushúss (Brahma Kumaris andleg fræðslumiðstöð) Hrísmóum, kt.4608042720

Við viljum byrja á að segja ykkur hversu ánægð við erum með að hafa flutt starfsemi Lótushúss til Garðabæjar, við höfum aðeins mætt velvilja og hjálpsemi.

Á síðasta ári áttum við fund með bæjarstjóra þar sem við leituðum eftir að fá lækkun á fasteignagjöldum.

Bæjarstjóri útskýrði fyrir okkur að bæjarstjórn er bundin af lögum og getur ekki breytt fasteignagjöldum eftir hentugleika, en benti á að við gætum sótt um styrk til að vega upp á móti þeim gjöldum sem við greiðum.

Það er rétt að taka fram að öll starfsemi skólans er rekin á frjálsum framlögum nemenda og leiðbeinanda og ekkert gjald er tekið fyrir þau fjölmöru námskeið sem boðið er upp á og við og aðrir leiðbeinendur erum sjálfboðaliðar.

Á síðast ári komu milli 3.800 – 4000 manns og nýttu sér þau námskeið sem boðið er uppá.

Á síðasta ári 2014 greiddi skólinn rúmlega 1.100.000.- í fasteignagjöld til bæjarins og er þetta lang stærsti útgjalda liður félagsins og þau frjálsu framlög sem fólk leggur fram duga ekki fyrir þessum kostnaði.

Við viljum því sækja um styrk frá bænum sem nemur árlegum fasteignagjöldum. Þessi styrkur myndi hjálpa okkur að bæta þjónustuna við alla landsmenn, það hefur aldrei verið meiri þörf hjá fólki fyrir innri frið og styrk en á þessum óvissu tímum sem við lifum á.

Með fyrirfram þökk og bestu kveðjum,

Sigrún Olsen Þórir Barðdal